



Starfsfólk leikskóla þróar eigin starfshætti með ungum börnum

Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir og Hrönn Pálmadóttir

► Abstract ► Um höfunda ► About the authors ► Heimildir

Markmið þessarar rannsóknar var að kanna reynslu leikskólakennara og leiðbeinenda af þátttöku í starfendarannsókn þar sem tilgangurinn var að ýta undir starfsþróun og fagmennsku í leikskólastarfi með ungum börnum. Í rannsókninni er litið á starfsþróun sem formlega og óformlega menntun sem dýpkar og bætir hæfni og þekkingu kennara. Starfsþróun tengist daglegu starfi og leiðir til umbóta og þróunar. Fyrri rannsóknir sýna að starfendarannsóknir eru áhrifarík leið fyrir starfsþróun kennara og til að bæta starfshætti í skólastarfi. Starfendarannsóknin stóð yfir í fjögur ár og fór fram á sex deildum í þremur leikskólum þar sem börnin voru á aldrinum níu mánaða til tveggja og hálfis árs. Á rannsóknartímabilinu var leitast við að mynda lærdómssamfélag meðal allra starfsmanna á deildum, leikskólastjórnenda og tveggja rannsakenda frá Háskóla Íslands. Áhersla var lögð á að allir þátttakendur hefðu sama rétt til að koma skoðunum sínum á framfæri á öllum stigum rannsóknarinnar, óháð hlutverki þeirra. Í þessari rannsókn fór gagnaöflun fram í lok starfendarannsóknarinnar þar sem tekin voru viðtöl við þátttakendur. Viðtöl-in voru afrituð, kóðuð og þemagreind.

Niðurstöðurnar sýna að starfsfólki fannst rannsóknarferlið bæði lærdómsríkt og valdeflandi. Ferlið bauð upp á möguleika til að ígrunda eigin starfshætti og bæta þá. Samstarf og stuðningur voru mikilvægir þættir í ferlinu, bæði innan hvers leikskóla, milli leikskóla og við rannsakendur. Virk þátttaka starfsfólks í námi og framförum barnanna var faglega styrkjandi og hvetjandi í starfi. Þessi rannsókn bætir við þekkingu á hvernig starfendarannsóknir geta verið áhrifarík nálgun fyrir starfsþróun kennara og leiðbeinenda. Jafnframt varpar hún ljósi á mikilvægi þess að leikskólakennarar og aðrir sem starfa með börnum fái tækifæri og tíma til ígrundunar svo bæta megi starfshætti og menntun ungra barna.

Efnisorð: starfendarannsókn, starfsþróun, ígrundun, leikskólastarf, yngstu börnin

Inngangur

Samsetning barnahópa í leikskólum hér á landi hefur breyst umtalsvert síðastliðin ár og eru nú ríflega 50% barna undir tveggja ára aldri í leikskóla. Þessar breytingar endurspeglast í nýlegri viðbót við aðalnámskrá leikskóla en þar er fjallað sérstaklega um sérstöðu yngstu barnanna og bent á að þau noti fjölbreyttan tjáningarmáta þar sem líkaminn er í aðalhlutverki. Jafnframt er áreittað að í leikskólastarfi séu hugtökin uppeldi, umönnun og menntun samofin og feli í sér að börnum sé sýnd virðing og umhyggja. Líta beri á börnin sem fullgilda þátttakendur í samfélagi leikskólans (Menntamálastofnun, e.d.; Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2012). Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins endurspeglar þessa sýn ásamt réttindum ungra barna til að hafa áhrif á skóla

og samfélag (United Nations Committee on the Rights of the Child, 2013). Ung börn sem ekki eru farin að nota tungumálið sem megingtáningarleidd sína hafa því sama rétt og önnur börn til að hafa áhrif á líf sitt, gera sig sýnileg og tjá rétt sinn í leikskólanum.

Fagmennska leikskólakennara og leiðbeinenda er mikilvægur liður í að skapa gæðaríkt leikskólastarf. Fagmennska felst m.a. í að skipuleggja starfið og námsumhverfið, og vera til staðar fyrir barnið, veita því öryggi og styðja það í félagslegum aðstæðum (Björnstad og Os, 2018; La Paro og Gloeckler, 2016; Wood, 2013). Það er á ábyrgð leikskólakennara að skapa ákjósanlegar námsaðstæður fyrir börnin, en það getur verið áskorun að halda uppi faglegu starfi vegna viðvarandi skorts á leikskólakennurum. Árið 2022 voru einungis um 22% þeirra sem starfa í leikskólum landsins leikskólakennarar. Nýlegar rannsóknir benda til þess að starfsfólk leikskóla þarfnist meiri þekkingar á sérstöðu og tjáningarmáta ungra barna (Hrönn Pálmadóttir og Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, 2022; Os og Hernes, 2019). Fyrstu árin hafa mikla þýðingu og það sem barn lærir á fyrstu árum lífs síns er talið leggja grunn að námi og lífsgæðum þess seinna á lífsleiðinni (Maguire-Fong, 2020; Recchia og Fincham, 2019). Það er því brýnt að ýta undir þekkingu og starfsþróun þeirra sem starfa með ungum börnum í leikskólum. Starfsþróun (e. professional development) felur í sér umbótamiðað og jákvætt ferli sem hefur tilgang og tengist daglegu starfi. Starfsþróun fer fram í lærdómssamfélagi sem miðar að því að efla færni og þekkingu og auka þannig gæði starfsins (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2019).

Í þessari grein er fjallað um reynslu leikskólakennara og leiðbeinenda af þátttöku í starfendarannsókn þar sem tilgangurinn var að ýta undir starfsþróun og fagmennsku í leikskólastarfi með ungum börnum.

Fræðilegur bakgrunnur

Starfsþróun og fagmennska

Í skýrslu samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2019) kemur fram að starfsþróun sé „samfellt meðvitað og mótað ferli sem leiðir til umbóta og jákvæðrar þróunar“ (bls. 12). Jafnframt að starfsþróun kennara hafi skýran tilgang, sé beintengd daglegu starfi, fari fram í lærdómssamfélagi, miði að því að efla færni og þekkingu og auka gæði starfsins. Í skýrslunni kemur einnig fram að starfsþróun kennara feli m.a. í sér rannsóknir á eigin starfi og þátttöku í þróunarverkefnum, en starfendarannsóknir eins og sú sem sagt er frá hér falla þar undir. Fagráðið leggur áherslu á mikilvægi þess að skapa góðar aðstæður og möguleika til starfsþróunar í skólum, ásamt að starfsþróun og skólaþróun eigi að vera í brennidepli í skólastarfi. Einnig er mikilvægt að styðja við aðkomu háskóla að starfsþróun kennara.

Niðurstöður rannsókna sýna að starfsþróun leikskólakennara leiðir til aukinnar fagþekkingar, hæfni og trúar á eigin getu (Barenthien o.fl., 2020; Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, 2022; Snell o.fl., 2013) auk þess sem hún skilar sér í námi barnanna (Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, 2022; Jensen o.fl., 2017; Tirosh o.fl., 2011). Starfendarannsóknir hafa reynst áhrifarík nálgun til starfsþróunar (Koshy, 2010; McNiff, 2010), þar á meðal í íslenskum leikskólum (sjá t.d. Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, 2022).

Hlutverk faglegs leiðtoga skipar stóran sess þegar unnið er að starfsþróun í lærdómssamfélagi eins og gert var í þessari rannsókn (Hopkins o.fl., 2014; Seashore Louis o.fl., 2010). Faglegur leiðtogi er einstaklingur sem hefur áhrif á annað samstarfsfólk með ákveðið markmið í huga en viðkomandi þarf ekki að gegna hlutverki stjórnanda innan skólans (Hoy og Miskel, 2013; Kotter, 2012; Yukl, 2013). Faglegur leiðtogi heldur á lofti þeirri sýn á menntun barna sem er ríkjandi í skólanum, byggir upp faglegan mannaúð og góða starfshætti (Leithwood o.fl., 2017). Faglegur leiðtogi þarf að geta átt í jákvæðum og uppbyggjandi samskiptum, hafa trú á samstarfsfólki sínu og jafnframt á eigin getu (Bøe og Hognestad, 2014, 2017).

Einn af lykilþáttum varðandi gæði leikskólastarfs er fagmennska starfsfólks (Barnett og Frede, 2010; Krieg o.fl., 2015). Ýmsir fræðimenn hafa fjallað um og skilgreint fagmennsku kennara út frá ólíkri

nálgun. Sigurður Kristinsson (2013) segir að í þröngri skilgreiningu hugtaksins sé vísað til þriggja skilyrða; langrar menntunar, vitsmunalegs þáttar og þjónustu. Fagmennskan krefst því í fyrsta lagi langrar menntunar í háskóla og þjálfunar. Í öðru lagi krefst fagmennskan þekkingar og skilnings fremur en verklegra þátta. Í þriðja lagi felst mikilvæg þjónusta við samfélagið í fagmennskunni samkvæmt Sigurði.

Í *Aðalnámskrá leikskóla 2011* (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2012) segir að fagmennska kennara „byggist á sérfræðilegri starfsmenntun, þekkingu, viðhorfum og siðferði starfsins“ (bls. 11). Þar kemur einnig fram að fagmennskan snúist um nemendur, menntun þeirra og velferð. Jafnframt að kennarar eigi m.a. að leiðbeina börnum í námi og skapa hvetjandi námsumhverfi. Um hlutverk leikskólakennara segir:

Leikskólakennari á að vera leiðandi í mótun uppeldis- og menntastarfsins, fylgjast með nýjungum og miðla þekkingu. Hann á að vera góð fyrirmynd í starfi með börnum og leitast við að styrkja faglegt hlutverk leikskólans. Litið er á leikskólakennara sem leiðandi samverkamann barna, foreldra og annars starfsfólks leikskóla. Honum ber að sjá til þess að hvert barn sé virt að verðleikum og að námsumhverfið sé skipulagt á þann veg að börn fái notið bernsku sinnar. (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2012, bls. 31)

Brock (2012) leggur áherslu á að viðhorf kennaranna sjálfra sé grunnur að skilgreiningu á fagmennsku. Í rannsókn Brock, þar sem hún talaði við kennara, þar á meðal á leikskólastigi, komu fram sjö þættir sem skilgreina fagmennsku þeirra: 1) þekking, 2) hæfni, þjálfun og starfsþróun, 3) færni, 4) sjálfræði, 5) gildi, 6) siðferði og 7) umbun. Þátttakendur í rannsókn Brock lögðu áherslu á að fylgja þörfum barnanna og þeir túlkuðu stefnumótunarskjöl, eins og námskrá og lög, út frá þeirri áherslu. Aðrar rannsóknir hafa sýnt að leikskólakennarar eiga erfitt með að skilgreina eigin fagmennsku (Veissón og Kabaday, 2018) og að styðja þurfi við þekkingu þeirra á eigin fagmennsku og þróun hennar (Her og Kim, 2018).

Í íslenskri rannsókn þar sem kannað var hvort munur væri á hvernig leikskólakennarar og leiðbeinendur lýsa áherslum sínum og daglegum verkefnum, kemur fram að leikskólakennarar leggja frekar en leiðbeinendur áherslu á nám og þætti tengda námssviðum leikskólans (Jóhanna Einarsdóttir o.fl., 2013). Niðurstöðurnar gefa því til kynna að fagmennska leikskólakennara feli í sér þekkingu á námi barna og tengingu við opinbera stefnumótun.

Leikskólastarf með ungum börnum

Leikskólastarf með ungum börnum er á margan hátt frábrugðið starfi með eldri börnum. Börn á aldrinum eins til tveggja ára eru lítið farin að nota talmálið sem tjáningarleið á sama hátt og þau sem eldri eru. Engu að síður eru börnin félagsverur og nota fjölbreytta tjáningu, svo sem svipbrigði og hljóð til að tjá eigin tilfinningar og sjónarhorn í samskiptum við umhverfið. Börnin gefa með líkams-tjáningu til kynna fyrirætlanir sínar um að hefja leik við félag, halda leik áfram eða komast inn í leik sem þegar er hafinn (Bryndís Gunnarsdóttir og Bateman, 2022; Greve, 2009; Hrönn Pálmadóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2012). Þannig gefa ung börn mikilvæga innsýn í hvað þau telja mikilvægt í samskiptum sínum við aðra (Hrönn Pálmadóttir, 2017). Leikurinn endurspeglar fyrri þekkingu og reynslu barna og felur í sér mismunandi hegðun, samskipti og athafnir sem geta haft margvíslega þýðingu fyrir þau (Wood, 2013).

Í leikskólastarfi með ungum börnum er lögð áhersla á að líta á þau sem virka þátttakendur sem hafa hæfni og getu til að hafa áhrif á umhverfi sitt (Jóhanna Einarsdóttir, 2012; Moss og Dahlberg, 2008; Trevarthen, 2018). Á sama tíma og lítið er á börnin sem getumikil og hæf þá eru þau viðkvæm og þarfnast leiðsagnar og stuðnings leikskólakennara og leiðbeinenda (Hrönn Pálmadóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2015). Það getur því reynst áskorun fyrir leikskólastarfsfólk að tileinka sér að lesa í, túlka og bregðast við tjáningu barnanna (Hrönn Pálmadóttir og Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, 2022).

Tengsl milli starfsmanna og barna eru í brennidepli í leikskólastarfi með ungum börnum. Starfshættir byggjast á ferli þar sem umhyggja, samskipti og nám eru samtvinnuð. Mikilvægt er að skapa tengsl við barnið og foreldra þess og sýna umhyggju í verki. Þegar barni er leiðbeint á hlýjan og jákvæðan hátt í samskiptum sínum við félagana upplifir það öryggi. Barnið öðlast jafnframt þekkingu og færni og þróar viðhorf og skilning á mikilvægum gildum í samskiptum við aðra (Broström, 2019; Noddings, 2005). Rannsóknir á leik og samskiptum ungra barna hafa sýnt fram á mikilvægi þess að kennarar veiti stuðning og umhyggju, beri virðingu fyrir og hafi skilning á tjáningu barnanna. Samskiptin þurfa að byggjast á tilfinningalegri nánd, þar sem kennarinn nálgast sjónarhorn barnanna, virkjar þátttöku þeirra í leik ásamt að styrkja sjálfsmynd þeirra (Felfe og Lalive, 2014; Seland o.fl., 2015; Svinth, 2019).

Við skipulagningu á daglegu starfi á deildum með yngstu börnunum er sveigjanleiki og vellíðan barnanna lykilatriði. Bent hefur verið á að í daglegu starfi með börnunum ætti að byggja á sérstöðu þeirra, líðan og áhuga fremur en á fyrir fram ákveðnu skipulagi (Hansen, 2019; Hrönn Pálmadóttir og Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, 2022; Os og Hernes, 2019). Rannsókn Os og Hernes (2019) sýndi að fámennir barnahópar á leikskóladeildum með börnum undir þriggja ára aldri ásamt hæfni kennara til að starfa með börnum á þessu aldurs skeiði virtust hafa jákvæð áhrif og bæta gæði starfsins.

Fjölbreyttar skráningar, svo sem myndbandsskráningar, geta gefið leikskólakennurum og leiðbeinendum möguleika á að rýna í og ígrunda samskipti barna og sjá það nám sem fram fer hjá einstaka barni. Jafnframt geta skráningar og mat á samskiptum og leik barna veitt upplýsingar um gæði og innihald leiksins og færi á að breyta starfsháttum og styðja nám barnanna enn frekar (Maguire-Fong, 2020; Wood, 2013).

Aðferðafræði

Rannsóknin sem hér er sagt frá var tilviksrannsókn (e. case study) þar sem reynsla leikskólakennara og leiðbeinenda af þátttöku í starfendarannsókn var könnuð. Starfendarannsóknin (e. action research) sem um ræðir var unnin í þremur leikskólum í einu bæjarfélagi. Einkennandi fyrir aðferðafræði starfendarannsókna er að þátttakendur ígrunda og rannsaka eigið starf í því skyni að bæta það og þróa eigin starfshætti. Farið er í gegnum ákveðið ferli við framkvæmd starfendarannsókna þó svo að útfærsla geti verið töluvert ólík á milli rannsókna. Í rauninni er engin ein algild leið til að framkvæma starfendarannsókn heldur ráða markmið og aðstæður á hverjum stað hvernig ferlið þróast (Mac Naughton og Hughes, 2009; McNiff, 2010, 2013, 2017). Starfendarannsóknir hafa reynst vel til starfsþróunar þar sem þær fela í sér ígrundun um starfið sem leiðir gjarnan til breytinga. Auk þess hefur nálgunin verið talin góð til þess að skapa nýja þekkingu og miðla henni áfram innan skólasmáfélagsins. Þannig eflist fleira fagfólk en þeir sem taka þátt í ferlinu sjálfu og sá ávinningur skilar sér að lokum til barnanna sem hljóta menntunina (Koshy, 2010; McNiff, 2010, 2017; Mertler, 2019).

Til eru margar tegundir starfendarannsókna og geta áherslur og rannsóknarsnið verið nokkuð ólík. Rannsóknin sem viðmælendur voru þátttakendur í var af þeirri gerð sem kallast samstarfsstarfendarannsókn (e. collaborative action research) en einkennandi fyrir þá nálgun er að kennarar á vettvangi og utanaðkomandi rannsakendur vinna náið saman í gegnum allt rannsóknarferlið. Kennararnir fá því utanaðkomandi stuðning til að þróa eigin starfshætti og gera breytingar á starfinu. Rannsakendur sem koma að utan fá um leið tækifæri til að tengja saman fræði og starf í samstarfi við vettvanginn. Það má því segja að báðir aðilar hagnist af samstarfinu og er sérþekking beggja aðila mikilvæg til að vinna að markmiðum sem sett eru í upphafi, þ.e. að bæta starfshætti innan skóla (Gordon, 2008; Koshy, 2010). Samstarfsstarfendarannsóknir geta því stuðlað að því sem kallast lærdómssamfélag. Einkennandi fyrir lærdómssamfélag er að starfsmenn læra hver með öðrum og af hver öðrum um leið og þeir vinna að skólaþróun og umbótastarfi. Í slíku samfélagi er gert ráð fyrir virkni allra þátttakenda og unnið að því að skapa sameiginlega sýn innan hópsins (Anna Kristín Sigurðardóttir, 2013). Fyrri rannsóknir hafa sýnt að náið samstarf í starfendarannsóknum eykur líkurnar á að árangur náist (Bruce o.fl., 2011; Koshy, 2010; McNiff, 2010, 2013, 2017).

Starfendarannsóknir hafa verið vinsæl nálgun í íslenskum menntarannsóknnum síðustu ár, enda hafa þær reynst vel til starfsþróunar og til að bæta skólastarf (Agnes Gústafsdóttir og Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, 2020; Daníel Steingrímsson og Kristín Karlsdóttir, 2020; Hjördís Þorgeirsdóttir, 2016; Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, 2022; Ívar Rafn Jónsson, 2008; Jóhanna Einarsdóttir, 2013, 2016). Helstu áskoranirnar sem þátttakendur hafa staðið frammi fyrir er tímaleyfi og að miðla til samstarfsfólks sem tekur ekki þátt í ferlinu (Hrafnhildur Eiðsdóttir, 2013; Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, 2013, 2022; Jóhanna Einarsdóttir, 2014). Þá hefur verið bent á mikilvægi þess að gefa sér góðan tíma í ferli starfendarannsókna og fara á dýptina með viðfangsefnið til að auka líkurnar á að áhrif rannsóknarinnar verði varanleg (e. sustainability) í skólastarfinu (Groundwater-Smith o.fl., 2015). Niðurstöður íslenskrar starfendarannsóknar sýndu að þátttakendur töldu að áhrif rannsóknarinnar hefðu orðið sterkari ef ferlinu hefði verið gefinn meiri tími og það kynnt betur fyrir öllu starfsfólki skólans, ekki aðeins þátttakendum (Hjördís Þorgeirsdóttir, 2016).

Rannsóknin

Markmið þessarar rannsóknar var að kanna reynslu leikskólakennara og leiðbeinenda af þátttöku í starfendarannsókn þar sem tilgangurinn var að ýta undir starfsþróun og fagmennsku í leikskólastarfi með ungum börnum.

Eftirfarandi spurningar leiddu rannsóknina:

- Hvernig lýstu þátttakendur áhrifum starfendarannsóknarinnar á eigin starfsþróun?
- Hvernig litu þátttakendur á fagmennsku í leikskólastarfi með ungum börnum?

Þátttakendur

Starfendarannsóknin sem þessi rannsókn byggir á var gerð í þremur leikskólum í einu bæjarfélagi eins og áður sagði. Þátttakendur störfuðu með yngstu börnunum sem voru á aldrinum níu mánaða til tveggja og hálfis árs. Allt starfsfólk sex deilda tók þátt í rannsókninni, eða tvær deildir í hverjum leikskóla. Á rannsóknartímabilinu störfuðu þrír til fjórir starfsmenn á hverri deild auk deildarstjóra. Á deildunum voru 12–15 börn. Þrír af sex deildarstjórum voru leikskólakennarar og hinir höfðu aðra háskólamenntun. Annað starfsfólk deildanna var ýmist leikskólakennarar eða leiðbeinendur. Leikskólastjórar leikskólanna auk tveggja rannsakenda sem starfa við Menntavísindasvið Háskóla Íslands voru einnig þátttakendur í rannsókninni. Hlutverk rannsakenda frá HÍ fólst einkum í að styðja við ígrundun þátttakenda í ferlinu og miðla nýrri þekkingu, um sérstöðu yngstu barnanna og um aðferðafræði starfendarannsókna. Auk þess öfluðu þeir gagna í rannsókninni og greindu þau. Rannsakendurnir frá HÍ eru jafnframt höfundar greinarinnar.

Leikskólastjóri eins leikskólans var í hlutverki verkefnastjóra í ferlinu og sá um að boða fundi og skrá fundargerðir. Þá var einn tengiliður við verkefnastjóra og rannsakendur við HÍ frá hverjum leikskóla.

Ferli starfendarannsóknarinnar

Á fundum í hverjum leikskóla í upphafi ferlisins ræddu þátttakendur saman um eigin viðhorf og reynslu af starfi með ungum börnum. Í framhaldi valdi hver leikskóli áherslu í rannsókninni sem beindist að bættum starfsháttum, stuðningi við leik og samskipti ásamt að rýna í námsumhverfi og leikefni barnanna. Fræðimenn telja þetta skref í upphafi mikilvægt til að skapa traust í hópnum, mynda lærdómssamfélag og grundvöll undir rannsóknarferlið (Koshy, 2010; McNiff, 2010, 2017; Mertler, 2019).

Rannsóknarsamstarfið var síðan skipulagt á fundum sem höfðu mismunandi markmið og með ólíkum þátttakendum. Fundirnir voru nokkurs konar rammi um ferlið en á milli þeirra leituðu þátttakendur nýrra leiða og ræddu saman um hvernig til tókst. Samtal og aukin þekking leiddi smám saman til þess að sýn á börn breyttist og gerðar voru ýmsar breytingar á námsumhverfinu í samræmi við það.

Á *tengiliðafundum* sem haldnir voru að meðaltali einu sinni í mánuði hittust tengiliðir úr hverjum leikskóla, leikskólastjórar og rannsakendur frá HÍ. Hópurinn velti upp áskorunum í hverjum leikskóla fyrir sig, mat stöðuna og ákvað næstu skref.

Ígrundunarfundir voru haldnir með þátttakendum í hverjum leikskóla fyrir sig tvisvar á misseri. Á fundunum ræddu þátttakendur reynslu sína og helstu áskoranir í starfinu. Rannsakendur frá HÍ tóku virkan þátt í samtalinu, studdu við ígrundun og leituðust við að dýpka hugsun starfsfólks. Í byrjun voru ræddar spurningar eins og: Hvernig er unnið með yngstu börnunum í leikskólanum? Hverjar eru helstu áskoranirnar í starfinu? Seinna snerust ígrundunarfundirnir um hvernig gengi að innleiða breytingar. Á ígrundunarfundunum var ferlið í hverjum leikskóla jafnframt metið og næstu skref ákveðin.

Sameiginlegir *fræðslu- og umræðufundir* voru haldnir einu sinni til tvisvar á misseri með öllum þátttakendum leikskólanna. Tilgangurinn var meðal annars að ræða hvað fælist í að taka þátt í starfendarrannsókn og hvernig mætti skapa lærdómssamfélag innan skóla. Jafnframt að starfsfólk valdefldist og bætti við sig þekkingu á leikskólastarfi með börnum undir þriggja ára aldri. Einnig kynntu rannsakendur nýjar rannsóknir um leikskólastarf með ungum börnum með fyrirlestrum og með því að deila lesefni til þátttakenda og skapa þannig umræðugrundvöll um viðfangsefnið. Þá voru myndbandskráningar úr daglegu starfi nýttar til ígrundunar um starfshætti. Á sameiginlegum fundum kynntu þátttakendur þær breytingar sem þeir höfðu gert á starfinu og áhrif þeirra, ásamt að spegla reynslu sína með þátttakendum í hinum leikskólunum.

Gagnaöflun

Á rannsóknartímabilinu var gögnum safnað á fjölbreyttan hátt. Í þessari grein er sjónum þó aðeins beint að reynslu þátttakenda af þátttöku í starfendarannsókninni og áhrifum á starfsþróun auk þess hvernig sýn þeirra á fagmennsku í starfi með yngstu börnunum þróaðist. Niðurstöðurnar sem kynntar verða hér á eftir byggja á viðtölum sem tekin voru í lok starfendarannsóknarinnar.

Viðtöl eru góð leið til að safna gögnum um reynslu og sýn eins og hér er gert. Viðtölin voru hálfopin (e. semi-structured) þar sem umræðuefnið var ákveðið fyrir fram, í takt við markmið rannsóknarinnar, en nánari áherslur þróuðust í samtalinu. Þátttakendur gátu því tjáð sig nokkuð frjállega innan ramma umræðuefnisins (Helga Jónsdóttir, 2021). Notaður var opin viðtalsrammi sem tengdist markmiði og rannsóknarspurningum. Viðmælendur voru spurðir út í reynslu sína af þátttökunni í starfendarannsókninni, áhrif á eigin starfsþróun og hvernig þeir litu á fagmennsku í starfi með yngstu börnunum.

Alls voru tekin níu viðtöl, eða þrjú í hverjum leikskóla; annars vegar voru tekin einstaklingsviðtöl við leikskólastjóra, og hins vegar voru tekin hópviðtöl við deildarstjóra og leiðbeinendur deildanna sem tóku þátt. Viðtölin voru 23–56 mínútna löng. Viðtölin voru öll hljóðrituð og afrituð til að auðvelda úrvinnslu.

Gagnagreining

Við gagnagreiningu var notuð þemagreining (Braun og Clarke, 2006, 2013). Byrjað var á að skipuleggja gögnin og flokka gróflega í takt við rannsóknarspurningarnar. Í næsta skrefi lásu báðir rannsakendur yfir öll gögnin, kóðuðu þau og ræddu sín á milli. Forritið Atlas.ti 8 var notað við þá vinnu. Þrjú meginþemu urðu til úr gögnunum og verða niðurstöðurnar kynntar út frá þeim. Þemun voru starfsþróun, stuðningur og áskoranir í rannsóknarferlinu og sýn á fagmennsku. Vísað verður í gögnin til skýringa á niðurstöðum (Braun og Clarke, 2006; Mac Naughton og Hughes, 2009).

Siðferði rannsókna

Þátttakendur skrifuðu undir upplýst samþykki í upphafi starfendarannsóknarinnar, þar sem þeim var gerð grein fyrir markmiði og hvað fælist í þátttöku. Samþykki þátttakenda náði því yfir viðtölin í lok starfendarannsóknarinnar, sem unnið er úr í þessari grein. Þeim var einnig gerð grein fyrir að mögulegt væri að hætta þátttöku á öllum stigum rannsókna. Starfendarannsóknir geta verið persónulegar þar sem þátttakendur rýna í eigið starf og starfshætti og því þarf að gæta sérstaklega að siðferðilegum álitamálum í starfendarannsóknum (Zeni, 2009). Locke og félagar (2013) hafa sett fram sérstakar áherslur er varða siðferði starfendarannsókna. Þar kemur fram að allir þátttakendur hafi sama rétt til að láta skoðanir sínar í ljós á öllum stigum rannsókna, óháð hvaða hlutverki þeir gegna. Þá er mikilvægt að allir sem koma að rannsókninni sýni hver öðrum sömu virðingu og gæti þess að allir skilji það sem talað er um; ekki nota flókið mál sem hugsanlega er ekki á færi allra að skilja vegna ólíks bakgrunns, reynslu og menntunar. Í rannsókninni var lögð áhersla á að fylgja þessum siðferðilegu áherslum auk þess sem þátttakendur fengu tækifæri til að lesa niðurstöður rannsóknarinnar og gera athugasemdir við þær.

Niðurstöður

Markmið rannsókna var að kanna reynslu leikskólakennara og leiðbeinenda af þátttöku í starfendarannsókn þar sem tilgangurinn var að ýta undir starfsþróun og fagmennsku í leikskólastarfi með ungum börnum.

Starfsþróun

Þátttakendur voru allir sammála um að þátttaka þeirra í starfendarannsókninni hefði stutt við starfsþróun þeirra. Í fyrsta lagi birtist starfsþróunin í aukinni áherslu á að fylgjast með leiknum og að ígrunda eigin starfshætti. Leiðbeinandi talaði um að þátttakan í rannsókninni hefði gert hana meðvitaðri um hvað hún væri að gera í starfinu og hvernig hægt væri að styðja við leik og nám barnanna: „Þetta alveg svona kveikti ... við erum ekki bara að snýta og skeina og sitja á gólfinu.“ Deildarstjóri sagði: „Ég er mjög ánægð að hafa fengið að vera með ... gott að fá smá spark í rassinn svo þetta verði ekki bara alltaf það sama.“ Einnig kom fram að starfshættir væru meira ígrundaðir en áður og að þátttaka í rannsókninni hefði verið góð innspýting sem ýtti við starfsfólkinu. Nefnt var að áður hefði starfsfólk gert hlutina án þess að hugsa út í þá, til dæmis að bjóða upp á leikefni án þess að taka sérstakt tillit til áhuga barnanna, en væri nú meðvitaðra um eigin starfshætti og sjónarhorn barna. Deildarstjóri sagði: „Ég horfi meira á leikinn núna, ég hugsa öðruvísi og tek betur eftir hvað er að gerast.“ Leikskólastjóri upplifði að starfendarannsóknin hefði valdeflt starfsfólkið sem tók þátt í henni. Hún sagði: „Ég er viss um að ef við hefðum ekki farið í þetta verkefni þá værum við ekki búnar að velta okkur upp úr hvað við getum gert betur og hvað við viljum gera betur.“

Í öðru lagi skiluðu breytingar á starfsháttum sér í tækifærum fyrir börnin að hafa áhrif. Sem dæmi má nefna að börnin höfðu betra aðgengi að efnivið og meira val um við hvern þau léku, hvar og með hvaða leikefni, heldur en áður var. Leiðbeinandi kom inn á þetta í viðtali: „Við veitum þeim [börnunum] meiri möguleika á að velja núna.“ Annar leiðbeinandi setti fram dæmi um hvernig framboði á leikefni var breytt þannig að börnin gátu valið hvað þau léku sér með:

Ég er farin að vera meðvituð um dótið, maður var svolítið að henda einhverju í þau en nú er ég farin að hugsa meira hvað ... það er eitt og annað sem við höfum breytt, við höfum verið með körfur sem eru með úrvali sem þau [börnin] geta valið sér úr, sérstaklega á morgnana þegar þau eru að koma, þegar þau eru fá.

Þá var greinilegt að starfsfólkið lagði meiri áherslu á að mæta áhuga barnanna og bjóða upp á leikefni í samræmi við hann, eins og kom fram hjá leiðbeinanda:

Ég er farin að spá meira í hvað þau eru að gera [...] hef verið meira vakandi fyrir hvað hentar akkúrat á þessari stundu ... vera ekki alltaf með það sama á hverjum degi ... þau [börnin] eru mjög hrifin af því að vera með körfu með skóm og sokkum og ullarsokkum og alls konar sem þeim finnst alveg æðislegt að klæða sig í og skórnir eru mjög vinsælir.

Einn deildarstjórinn nefndi að í þátttöku í rannsókninni hefði falist frelsi til að prófa nýja hluti í starfinu: „Hey, við erum í þessu verkefni, í sambandi við það, eigum við að prófa þetta? Mér finnst þetta eitthvað hafa gefið manni.“

Í þriðja lagi nefndu stjórnendur að starfsþróun í rannsóknarferlinu hefði skilað sér í aukinni starfsánægju. Þetta kom fram í viðtali við deildarstjóra sem lýsti hvernig ný sýn á starfið og börnin, sem starfsfólk hafði öðlast í ferlinu, hefði skilað sér í auknum áhuga: „Allir eru svo áhugasamir. Þrátt fyrir að við séum að gera þessa hluti daglega, horfum við öðruvísi á þá núna.“ Leikskólastjóri ræddi um að hluti af hennar starfi væri að ýta undir góðan starfsanda því það hefði jákvæð áhrif á alla í leikskólanum, jafnt börn og fullorðna. Hún sagði:

Ég er búin að leggja rosalega mikið í starfsandann, í hópefli og liðsandann af því að við vitum að það skilar sér alltaf niður til barnanna. Að öllum líði vel í þessu samfélagi. Kennurum, foreldrum og börnum. Þetta eru samverkandi áhrif.

Annar leikskólastjóri lýsti ánægju sinni yfir áhrifum þess að taka þátt í starfendarannsókn sem skiladi sér í að starfsfólkið eflist í starfi: „Þú sérð fagfólk vaxa í starfi og börnin vaxa með, það er bara svo góð tilfinning.“ Í máli annars leikskólastjóra kom fram að þátttaka í þróunarverkefnum og/eða rannsóknum væri mikilvægur liður í að halda starfinu lifandi: „Þetta er rosalega auðgandi fyrir allt starfsfólk.“ Þriðji leikskólastjórinn sagði: „Þetta [rannsóknin] neyddi okkur til að endurhugsa margt, þannig að það var margt gott sem kom út úr þessu.“

Leikskólastjórar ræddu áhyggjur sínar af hve fátt fagfólk starfaði í leikskólanum og komu inn á að fagmennskan væri mikilvæg í tengslum við starfsþróun. Einn þeirra sagði: „Þegar tvístrast úr hópnum þá vantar grunninn, þessa kennara, það hefur rosaleg áhrif.“ Annar leikskólastjóri sagði: „Kennararnir okkar sem hafa reynslu og unnið lengi með yngstu börnin, að sjá hvað þau eru fagleg og hafa lagt mikla áherslu á að kynna sér þroska þeirra og atferli almennt.“ Þriðji leikskólastjórinn kom einnig inn á mikilvægi menntunar starfsfólks og nefndi að líka væri gott að hafa starfsfólk sem væri í leikskólakennaranámi því það væri sjálft að ígrunda eigin starfshætti og máta þá við fræðin en um leið að ýta undir faglegt samstarf innan leikskólans. Hún sagði um einn nema hjá sér:

Ég sé hvað hún hefur fært inn í starfið. Alltaf einhvern veginn að velta fyrir sér, bæði í tengslum við verkefnið og í tengslum við námið sitt og einhvern veginn að tengja það saman ... það smitast út, þær eru áhugasamar.

Stuðningur og áskoranir í rannsóknarferlinu

Í viðtölunum kom fram að nauðsynlegt væri að hafa góðan stuðning í rannsóknarferlinu, hvort sem hann kæmi innan frá eða að utan. Þátttakendum þótti því bæði áhrifaríkt að fá stuðning frá samstarfsfólki sínu, til dæmis leikskólastjórum, og utanaðkomandi aðilum, svo sem þátttakendum frá hinum leikskólunum og rannsækendum frá háskólanum.

Einn þáttur sem stóð upp úr í ferlinu var faglegt samtal innan leikskólanna. Þátttakendur voru sammála um að mikilvægt væri að fá tíma í daglegu amstri til að ígrunda starfið og eigin starfshætti saman. Þannig væri hægt að ræða áherslur, spegla eigin hugmyndir með samstarfsfólki og komast að sameiginlegum skilningi. Leikskólastjóri sagði: „Það sem situr eftir finnst mér vera hvað það gefur mikið að eiga samtal á vettvangi, fjölbreyttari sýn og þetta þegar maður ræðir saman þá kemur svona aha!“ Margir þátttakendur nefndu að það hefði verið árangursríkt að lesa og ræða um fræðigreinar og hefðu gjarnan viljað gera slíkt oftar. Deildarstjóri lýsti sinni upplifun:

Það var rosalega góð kveikja. Lásu einhverja grein, sátu allar inni í hvíld hjá okkur, voru á dýnunum og að lesa og ræða um [greinina] ... Þá mynduðust líka skemmtilegar umræður. Það voru allir að lesa á sama tíma, það var ekki svona að þú verður að vera búin að lesa þessa grein af því að við ætlum að ræða hana. Þarna voru við bara allar og sátu og ræddum svo um hana á eftir, það var eitthvað svo effektíft.

Þá voru fundir með þátttakendum hinna leikskólanna einnig mikilvægur stuðningur í ferlinu. Einn leiðbeinandi lýsti sinni upplifun af þessum fundum þannig: „Það var gott að hitta starfsfólkið í hinum leikskólunum og sjá hvaða áherslur þau voru með.“

Nokkrir þátttakendur komu inn á að myndböndin, sem þeir tóku af sér í starfi og rýndu í, hefðu verið hjálpleg til að átta sig betur á eigin starfsháttum og á samskiptum barnanna. Leikskólakennari sagði um sína reynslu: „Maður sér stundum eitthvað sem maður sá kannski ekki þegar maður var að taka vídeóið, bara eitthvað sem einhver var að gera sem maður tók kannski ekki eftir.“

Þátttakendur nefndu einnig mikilvægi þess að hafa stuðning frá rannsakendum frá háskólunum. Aðstoðarleikskólastjóri í einum leikskólanna lýsti þessu: „Það var gott að hitta ykkur reglulega ... Þið komuð með innlegg og lefni sem hjálpaði okkur.“

Starfshættir breyttust smám saman og breytingarnar urðu hluti af daglegu starfi. Einn leiðbeinandi sagði:

Fyrsta árið sem við vorum í þessu [rannsókninni] þá var þetta svona alltaf efst í huganum en núna er þetta svona komið í undirmeðvitundina. Maður er alltaf að fylgjast með en maður er ekki alltaf að grípa og skrá eða eitthvað.

Leikskólastjórar voru spurðir sérstaklega út í sitt hlutverk og áskoranir í starfendarannsókninni. Þeirra hlutverk virtist einkum felast í að halda rannsókninni á lofti, að ýta við starfsfólkinu að sinna henni. Einn leikskólastjóri lýsti því hvernig hún reyndi að ýta undir samtal þegar hún taldi að þess þyrfti með. Hún tók dæmi um veggspjöld sem unnin voru á starfsmannafundi um áherslur leikskólans. Henni fannst að þau mætti nýta betur í samtal innan starfsmannahópsins:

Við unnum þessi spjöld og skiptum þessu upp í hópa og fólk fór að vinna út frá því og svo fannst mér ekkert vera að gerast þannig að ég náði í þessa pappíra [veggspjöldin] og var að spyrrja, „munið þið, við vorum að spá í ...“ og ég var að vekja athygli fólks á þessu og var að færa þetta til [innan leikskólans] og einhvern veginn ýta á samtal.

Annar leikskólastjóri velti fyrir sér hvort hún hefði átt að gera meira af því að ýta við starfsfólkinu. Henni fannst rannsóknin ekki hafa gengið alveg eins og hún hefði viljað, að starfsfólkið hefði getað gert meira varðandi eigin starfsþróun. Hún sagði: „Mér finnst að þær mættu vera duglegri, eins og þær sem eldri eru finnst þær vera búnar með þennan pakka [eigin starfsþróun].“

Í einum af leikskólunum þremur var mikil starfsmannavelta meðan á starfendarannsókninni stóð, bæði á meðal stjórnenda sem og annars starfsfólks. Þetta hafði greinileg áhrif á framvindu verkefnisins í leikskólanum. Leikskólastjóri, sem hafði gegnt því hlutverki í stuttan tíma þegar lokaviðtölin voru tekin, sagði eftirfarandi: „Ég upplifi mig rosalega á hliðarlínunni í þessu verkefni, það er bara þannig.“ Hún sagði að hvatningin hefði komið frá starfsfólkinu sjálfu og þar hefðu deildarstjórnarnir haft frumkvæði.

Vert er að taka fram að stór hluti af rannsóknartímabilinu var á tímum heimsfaraldurs og því höfðu takmarkanir á skólastarf margvísleg áhrif á ferlið. Þátttakendur gátu ekki átt í eins miklu samstarfi á milli leikskóla og áætlað var, takmarkanir voru á samstarfi innan hvers leikskóla vegna hólfaskiptinga og rannsakendur höfðu ekki tök á að koma í leikskólana. Að auki voru fræðslu- og umræðufundir færri en ráð var fyrir gert. Fundnar voru leiðir til að halda lífi í verkefninu á þessu tímabili. Sem dæmi má nefna að haldnir voru fundir í gegnum fjarfundarbúnað þar sem myndbandsupptökum úr starfinu var deilt og þær ræddar.

Sýn á fagmennsku

Liður í starfsþróun þátttakenda var að ígrunda jafnt og þétt eigin viðhorf og starfshætti með ungum börnum. Ítrekað var rætt um hvernig litið væri á yngstu börnin og hvaða áhrif viðhorfin hefðu á skipulag starfsins og tækifæri barnanna til náms. Smám saman varð sýn starfsmanna á hæfni og getu barnanna skýrari, ásamt mikilvægi þess að börnin hefðu áhrif á daglegt líf sitt í leikskólanum. Starfsfólk þyrfti að vera meðvitað um að veita börnunum umhyggju og styðja þau í leik og námi.

Í lokaviðtölunum kom fram að þolinmæði og umhyggja væru mikilvægir þættir fagmennsku þeirra sem störfuðu með yngstu börnunum. Sýna þarf börnunum þolinmæði og leggja sig fram við að skilja tjáningu þeirra. Börn á þessum aldri tjá tilfinningar sínar aðallega með fjölbreyttri líkamlegri tjáningu. Með tjáningunni gefa þau þarfir sínar og áhuga til kynna og mikilvægt er að geta brugðist við. Leiðbeinandi í einum leikskólanum lýsti því hvernig þátttaka í starfendarannsókninni hefði skilað sér í aukinni þekkingu og færni: „Maður er farinn að skilja þau þó svo að enginn annar skilji þau.“ Leikskólastjóri kom inn á að fagmennskan fælist einnig í líkamstjáningu starfsfólks; hún hefði áhrif á samskipti við börnin sem þyrftu að finna að þau gætu leitað til þeirra:

Líkamstjáningin skiptir líka miklu máli hjá okkur, hvernig við bjóðum okkur til þjónustu og ég held að orðin skipti minnstu máli ... svo bara þetta að kunna að grípa í það sem virkar, eins og söng eða setjast með bók og aðeins að spjalla. Að nota þetta sem vekur áhuga.

Í rannsóknarferlinu var mikið fjallað um samskipti við ung börn og rætt um mikilvægi þess að vera líkamlega og andlega til staðar fyrir börnin. Þau þyrftu oft að koma í fangið á kennara í smá stund, eins og þau væru að hlaða sig, en síðan færu þau aftur í leik. Þetta ýtti undir skilning og þekkingu leiðbeinenda á að daglegar athafnir og samskipti við börnin hefðu merkingu. Í lokaviðtölum nefndu leiðbeinendur sérstaklega að samskiptin við börnin væru gefandi. Þetta birtist í frásögn eins leiðbeinanda þegar hún lýsti því hvernig hún áttaði sig á gagnkvæmni í samskiptum þegar hún var í hvíld með barnahópnum. Hún sagði:

Ég átti að svæfa eina [stelpu] ... lá þétt upp við hana. Þetta var svona öfugt, hún lá alveg slök ... og ég fann bara – já nú veit ég af hverju þau eru alltaf að koma hlaupandi og hlaða sig.

Í viðtölunum kom fram að starfsfólkinu fannst einnig gefandi að vera þátttakandi í framförum barnanna, enda gerast breytingar hratt á þessum aldri. Á sameiginlegum fundum var mikið rætt um námsferli ungra barna. Leiðbeinandi lýsti því að framfarir barnanna hefðu áhrif á sýn hennar á starfið: „Þetta er bara svo ótrúlega gefandi að fá að taka þátt í svona stórum hlutum með barninu. Þú heyrir fyrsta orðið og sérð þau taka fyrsta skrefið.“ Annar leiðbeinandi tók undir og sagði: „Það gerist svo mikið hjá svona litlu fólki,“ og bætti við: „Maður er þátttakandi í mótun hjá þessum börnum.“ Þriðji leiðbeinandinn nefndi hvað henni fundist gefandi þegar hún fyndi að börnin færu að mynda tengsl við sig.

Á rannsóknartímabilinu var mikið rætt um upphaf leikskólagöngu, nálægð og tengsl við börn og foreldra þeirra. Þátttakendur voru sammála um að umhyggja væri einn af lykilþáttum fagmennsku. Samstarf við foreldra væri stór þáttur í hlutverki kennara og leiðbeinenda, sérstaklega þegar starfað er með svo ungum börnum. Leikskólinn er oftast fyrsti staðurinn sem barnið dvelur á utan heimilis og foreldrar því margir óruggir. Mikilvægt væri að kynnast foreldrum og börnum þegar þau eru í aðlögun. Vinna þyrfti traust barnsins og foreldra þess í upphafi leikskólagöngu, eins og leikskólastjóri nefndi: „Mér finnst aðalatriðið bara að ... foreldrar nái að finna að við séum hér til staðar fyrir þau.“ Einn deildarstjórinn kom inn á þetta og sagði: „Maður þarf líka að sinna foreldrum ... róa þau og eiga í samskiptum, senda skilaboð og myndir ... það er svo mikið að hugsa og læra inn á foreldrana.“

Í rannsóknarferlinu var fjallað um nýjar rannsóknir um leikskólastarf og þátttakendur miðluðu myndbandsskráningum úr eigin starfi. Viðfangsefnin lögðu grunn að ígrundun um eigin starfshætti og skipulag leikskólastarfsins. Í lokaviðtölunum kom fram að áherslur þátttakenda höfðu breyst.

Aukin áhersla var á að hafa dagskipulag sveigjanlegt því oft þyrfti að bregða út af því sem ákveðið hefði verið fyrir daginn og taka tillit til stemningar í barnahópnum hverju sinni. Leikskólakennari talaði um að mikilvægt væri að geta lesið í aðstæðurnar og sjá hvernig börnunum líði. Deildarstjóri kom einnig inn á þetta þegar hún lýsti skipulaginu: „Vera með eitthvert plan, vera tilbúin að það plan fari út um þúfur og að maður þurfi að hugsa hvern dag út frá þeim aðstæðum sem maður er í.“ Þá kom fram að ekki væri gott að hafa barnahópna stóra á þessum aldri heldur skipta þeim niður í fámennari hópa, því börnin nytu sín betur í leik í litlum hópum og auðveldara væri fyrir starfsfólkið að sinna þörfum hvers og eins í minni hóp.

Áherslur leikskólanna á rannsóknartímabilinu beindust að starfsháttum og stuðningi við leik og samskipti barnanna ásamt aðgengi og fjölbreytileika leikefnis. Á sameiginlegum fundum kynntu þátttakendur þær breytingar sem gerðar höfðu verið á starfinu og áhrif þeirra. Jafnframt speglaði starfsfólk reynslu sína af ferlinu með þátttakendum í hinum leikskólunum. Í lokaviðtölum kom fram að starfsfólk hafði áttað sig betur á að leikefnið þyrfti að vera einfalt að hausti en flóknara eftir því sem líði á árið, í takt við hraðan þroska og nám barna á þessum aldri. Myndbandskráningar úr daglegu starfi voru nýttar sem grundvöllur umræðu. Í lokaviðtölunum nefndu margir þátttakendur að myndbandskráningar væru góð leið til að fá innsýn í áhuga og tjáningu barnanna, og jafnframt til þess að skoða eigin starfshætti. Mikilvægt væri því að temja sér að nýta þær áfram til starfsþróunar.

Jafnt og þétt var áskorunum í hverjum leikskóla fyrir sig velt upp. Í lokaviðtölum kom fram að það væri ekki allra að vinna með svo ungum börnum. Deildarstjóri sagði: „Það hafa ekki allir það að geta tekið á móti litlu barni og myndað þetta traust sem þarf.“ Deildarstjórar voru sammála um að fagmennska þeirra fælist meðal annars í að leiðbeina nýju ómenntuðu starfsfólki varðandi menntun ungra barna og viðeigandi starfshætti. Leikskólastjóri talaði einnig um þetta og hún hafði reynt að finna leiðir til að leiðbeina nýju og óreyndu starfsfólki þar sem oft skorti tíma til að sinna því hlutverki:

Það er það sem mér finnst mig vanta tíma í, að leiðbeina, þannig að ég hef stundum tekið á það ráð að skrifa niður hvað getur verið að hrjá barn ... það getur verið að barnið sé þyrst, það getur verið alls konar.

Umræða

Markmið þessarar rannsóknar var að kanna reynslu leikskólakennara og leiðbeinenda af þátttöku í starfendarannsókn þar sem tilgangurinn var að ýta undir starfsþróun og fagmennsku í leikskólastarfi með ungum börnum. Niðurstöðurnar sýna að þátttakendur töldu að rannsóknin hefði stutt við starfsþróun þeirra. Starfsfólk var sammála um að ígrundun starfshátta, meðal annars með því að rýna í myndbandsupptökur og aðrar skráningar, hefði leitt til þess að aukin áhersla var á að fylgjast með leik barnanna. Þannig varð geta og áhugi þeirra starfsfólki sýnilegri en áður. Í ljósi þess varð starfsfólk virkara í stuðningi við leik og nám barnanna og bætti aðgengi þeirra að fjölbreyttari efnivið en áður. Draga má þá ályktun að ígrundun starfshátta auk fræðilegrar þekkingar hafi smám saman orðið til þess að sýn á börnin og nám þeirra breyttist. Börnin fengu fleiri tækifæri til að hafa áhrif á daglegt líf sitt í leikskólunum og tekið var meira tillit til þarfa þeirra í dagskipulaginu. Þetta rímar við áherslur í menntunarfræði ungra barna þar sem virkni og hæfni barna til að hafa áhrif á umhverfi sitt er í brennidepli (Jóhanna Einarsdóttir, 2012; Moss og Dahlberg, 2008; Trevarthen, 2018). Þessar niðurstöður eru jafnframt í samræmi við skilgreiningu Brock (2012) á fagmennsku leikskólakennara, sem fjallar meðal annars um þekkingu á námi ungra barna og starfsþróun kennara, en þar er lögð áhersla á að fylgja eftir þörfum barna. Aðrar rannsóknir hafa einnig sýnt ávinning af starfsþróun kennara (Barenthien o.fl., 2020; Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, 2022).

Þegar þátttakendur ræddu um fagmennsku sína í starfi með ungum börnum var, að þeirra mati, grundvallaratriði að geta sýnt þolinmæði og umhyggju. Að leitast við að skilja tilfinningatjáningu barnanna, tengjast þeim og foreldrum þeirra. Í máli þátttakenda kom fram að gagnkvæm samskipti við börnin væru gefandi. Það vakti ánægju að eiga í nánnum tengslum og vera þátttakandi í stórum

viðburðum í lífi barnanna, svo sem þegar þau byrja að ganga og að upplifa fyrstu orðin með þeim. Þetta rímar við það sem fræðimenn hafa bent á að starfshættir með ungum börnum eigi að byggjast á að leikskólakennarar og leiðbeinendur skapi tengsl við barnið og foreldra þess þar sem umhyggja er í brennidepli (Broström, 2019; La Paro og Gloeckler, 2016). Niðurstöðurnar benda einnig til að þátttakendur líti á fagmennsku sína í samræmi við skilgreiningu Brock (2012) sem telur umbun einn lið í fagmennsku kennara ungra barna. Jafnframt kom fram í niðurstöðum að dagskipulag á deildum með ungum börnum þyrfti að vera sveigjanlegt og taka mið af líðan og stemningu innan barnahópsins hverju sinni. Þetta er í samræmi við rannsóknir Hansen (2019) og Os og Hernes (2019) sem segja að leggja eigi áherslu á sérstöðu, áhuga og réttindi barnanna fremur en að fylgja fyrir fram ákveðnu skipulagi.

Vert er að taka fram að fyrri rannsóknir (t.d. Brock, 2012) hafa einkum beinst að starfsþróun og fagmennsku leikskólakennara en þessi rannsókn sneri að öllu starfsfólki leikskóladeildanna sem tóku þátt í rannsókninni. Fagmennska leikskólakennaranna, sem felst í þekkingu á námsleiðum ungra barna, virtist hafa eftir þekkingu og áhuga samstarfsfólksins samkvæmt stjórnendum leikskólanna. Í starfendarannsókninni var skapaður grundvöllur fyrir faglegt samtal sem ýtti undir sameiginlega sýn á starfið, leiddi til breytinga og jók starfsánægju. Að auki má sjá vísbendingar um lærdómssamfélag innan leikskólanna sem einkennist af að starfsfólk ígrundi í samvinnu við aðra, starfshætti og eigin viðhorf (Anna Kristín Sigurðardóttir, 2013; Thornberg, 2016). Viðhorf leikskólastjóranna í rannsókninni endurspeglu einnig mikilvægi fagmennsku leikskólakennara. Þeir lögðu áherslu á að leikskólakennararnir nýttu fagmennsku sína til að leiðbeina og styðja leiðbeinendur sem starfa með þeim. Það er í takt við rannsóknir sem sýna mikilvægi hlutverks faglegs leiðtoga þegar unnið er að starfsþróun í lærdómssamfélagi (Hopkins o.fl., 2014; Seashore Louis o.fl., 2010). Einnig kom fram að hlutverk leikskólastjóra væri mikilvægt til að halda rannsókninni á lofti og hvetja til faglegs samtals, en Leithwood og félagar (2017) hafa bent á að faglegur leiðtogi byggi upp góðan mannauð og starfshætti.

Þátttakendur voru sammála um að lykilþáttur varðandi jákvæða upplifun af rannsóknarferlinu hefði verið stuðningur ólíkra aðila. Stjórnendur gegndu mikilvægu hlutverki í að halda rannsókninni á lofti með því að gefa tíma og rými í þátttökuna. Fyrri rannsóknir hafa sýnt að tímaleysi er helsta hindrun þess að starfendarannsókn gangi vel (Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, 2013, 2022). Niðurstöður sýndu einnig að fjölbreytni í nálgun, skipulagi og utanumhaldi rannsóknarferlisins skipti máli. Á rannsóknartímabilinu gegndi einn aðili frá hverjum leikskóla hlutverki tengiliðar. Þeir funduðu reglulega og ræddu skipulag og framvindu verkefnisins í leikskólunum hverju sinni. Bent hefur verið á mikilvægi þess að fara á dýptina með viðfangsefni í starfendarannsóknum svo að áhrif þeirra verði varanleg (Groundwater-Smith o.fl., 2015).

Í þessari rannsókn voru ýmsar hindranir sem höfðu áhrif á ferlið, eins og heimsfaraldur og starfsmannavelta. Heimsfaraldur var óviðráðanlegur atburður sem þátttakendur tókust á við eftir bestu getu og hittust á fjarfundum þar sem myndbandsupptökum úr starfinu var deilt og þær ræddar. Aðstæður í leikskólunum þremur voru ólíkar að ýmsu leyti, til dæmis varðandi starfsmannaveltu, menntun og reynslu starfsfólks. Ferlið varð því nokkuð ólíkt á milli skólanna og komust þátttakendur mislangt í að festa breytingar í sessi. Starfsmannavelta og skortur á leikskólakennurum er mikið áhyggjuefni og ræddu leikskólastjórar um áhrif þess á fagmennsku og gæði starfsins. Aðrar rannsóknir hafa sýnt að einn af lykilþáttum varðandi gæði leikskólastarfs er fagmennska starfsfólks (Barnett og Frede, 2010; Krieg o.fl., 2015). Að auki benda rannsóknir á að fagmennska byggir einkum á menntun, þekkingu, hæfni, þjálfun og starfsþróun (Brock, 2012; Sigurður Kristinsson, 2013).

Rannsóknin styður við þekkingu á hvernig aðferðafræði starfendarannsókna getur verið áhrifarík nálgun fyrir starfsþróun leikskólakennara og leiðbeinenda. Jafnframt varpar hún ljósi á mikilvægi þess að leikskólakennarar og aðrir sem starfa með ungum börnum fái tækifæri og tíma til faglegrar ígrundunar til að bæta starfshætti sína og nám barna. Nálgunin getur skilað sér í bættum gæðum og betri menntun fyrir börn.

Educators in preschools develop their practice with young children.

In Iceland, the composition of preschool children's groups has changed considerably over recent years, and today, over fifty per cent of children under age two attend preschool. These first years are crucial for future life learning. However, previous studies show preschool educators need improved knowledge about the youngest children and how they express themselves. Therefore, it is important to promote greater knowledge and professional development for educators working with the youngest children in preschools. Furthermore, studies show that professionalism and professional development of preschool staff are crucial factors regarding quality in practice.

This research aimed to study preschool teachers and other staff members' experiences participating in action research to promote professional development and professionalism in preschool practices with young children. In the study, professional development is seen as formal and informal education that deepens and improves teacher competencies and knowledge. Professional development is related to daily practices, leading to improvements and development. Previous studies show that the action research methodology is effective for teacher professional development and school practice improvement. This methodology has also proven effective in creating understanding and bringing it forward in the preschool community. The main challenges that participants face during the research process are lack of time and influence on colleagues who are not part of the process.

The action research studied here continued for four years. It was conducted in six departments in three preschools, where the children ranged in age from nine months to two and a half years. The research emphasised creating a learning community among department educators, preschool leaders, and researchers from the University of Iceland. The role of the researchers was to support the participants through the process and mediate new knowledge in early childhood education and action research. The principal of one of the participating preschools took the role of a leader in the action research process. It was important that all participants, regardless of their role in the study, had the same opportunities and rights to express their views at all stages of the study. The data in this study consists of nine interviews with the participants conducted at the end of the research process. The interviews were transcribed and thematically analysed. Three themes were identified in the data: professional development, support and challenges in the research process, and views on professionalism.

The findings show that the participating educators felt that the action research process supported their professional development. This finding increased emphasis on observing children's play and their own practices. As a result, the educators became more aware of how to support children's learning. This research also gave the children more opportunities to influence their preschool lives. For example, they could choose what to play with, with whom, and where. The educators focused more on meeting the children's interests and offered play material accordingly. The participation supported the educators' job satisfaction. Collaboration and support were important factors in the process within each preschool, between the three preschools and with the two researchers. Moreover, it was important for educators to have time and space for professional reflections, collaborate on the practices, and create a mutual understanding of children's learning and educators' roles. Meetings were held regularly in each preschool and between the preschools as a part of this process.

When reflecting on their own roles, the participants agreed that crucial characteristics of working with young children include patience, warmth, and care. They also agreed that it was rewarding to follow the children's development since they quickly learn so much at this age.

Part of the process occurred during the COVID-19 pandemic, which hindered the collaboration between the three preschools and the researchers. To address this issue, meetings were held online where educators met and reflected on their practice. Video observations were also used. Another more difficult challenge to confront was the high turnover of staff. This situation affected the sustainability of the research process.

The study contributes to knowledge on how the action research methodology can be an effective approach for preschool teachers' and educators' professional development. Furthermore, it sheds light on the importance of preschool teachers and other educators who work with young children receiving opportunities and time for professional reflection to improve their practice and children's learning. This approach can result in increased quality of practice and better education for the children.

Keywords: action research, professional development, professional reflection, preschool practice, youngest children

Um höfunda

Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir (ios@hi.is) er dósent í leikskólafræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Rannsóknir hennar hafa einkum fjallað um leikinn, starf leikskólakennara, faglega þróun leikskólakennara og ferli starfendarannsókna. Ingibjörg Ósk hefur tekið þátt í ýmsum innlendum og erlendum rannsóknarverkefnum um ólík viðfangsefni í tengslum við leikskólastarf, í samstarfi við leikskólakennara sem eru starfandi í leikskólum og við rannsakendur. Ingibjörg Ósk kennir í leikskólakennaranámi við Menntavísindasvið.

Hrönn Pálmadóttir (hropalm@hi.is) er dósent í leikskólafræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún hefur viðtæka reynslu af vettvangi og sem kennari í leikskólakennaranámi. Helstu áherslusvið hennar í rannsóknum eru tjáning og samskipti yngstu leikskólalabarnanna í leik og hlutverk leikskólakennara ásamt upphafi leikskólagöngu ungra barna. Hrönn hefur tekið þátt í bæði innlendum og alþjóðlegum rannsóknarverkefnum um margvíslegar áskoranir í daglegu lífi barna í leikskólum.

About the authors

Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir (ios@hi.is) is an associate professor in early childhood education at the School of Education, University of Iceland. Her research has been in the field of play, preschool teachers' practice, preschool teachers' professional development, and the process of action research. She has participated in several national and international research projects about different fields of preschool practice in collaboration with preschool teachers and researchers. She teaches the preschool teachers' education program at the School of Education.

Hrönn Pálmadóttir (hropalm@hi.is) is an Associate professor in Early Childhood Education and Care at the School of Education, University of Iceland. She has broad experience in early childhood education and early childhood teacher education. Her current research focuses on how toddlers express their perspectives in peer interaction, the role of the educator, and the transition from home to preschool. Hrönn has been involved in national and international research projects on various issues and challenges to children's everyday lives in preschools.

Heimildir

- Agnes Gústafsdóttir og Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir. (2020). „Gagnlegast að sjá þessa hluti sem maður sér ekki venjulega“: Starfendarannsókn um mat á námi og vellíðan leikskólabarna af erlendum uppruna. *Sérřit Netlu 2020 – Mat á námi og vellíðan barna í leikskóla*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2020.6>
- Anna Kristín Sigurðardóttir. (2013). Skóli sem lærdómssamfélag. Í Rúnar Sigþórsson, Rósa Eggertsdóttir og Guðmundur Heiðar Frímansson (ritstjórar), *Fagmennska í skólastarfi: Skrifað til heiðurs Trausta Þorsteinssyni* (bls. 35–54). Háskólinn á Akureyri; Háskólaútgáfan.
- Barenthien, J., Oppermann, E., Anders, Y. og Steffensky, M. (2020). Preschool teachers' learning opportunities in their initial teacher education and in-service professional development – do they have an influence on preschool teachers' science-specific professional knowledge and motivation? *International Journal of Science Education*, 42(5), 744–763. <https://doi.org/10.1080/09500693.2020.1727586>
- Barnett, W. S. og Frede, E. (2010). The promise of preschool: Why we need early education for all. *American Educator*, 34(1), 21–29. <https://eric.ed.gov/?id=EJ889144>
- Bjørnstad, E. og Os, E. (2018). Quality in Norwegian childcare for toddlers using ITERS-R. *European Early Childhood Education Research Journal*, 26(1), 111–127. <https://doi.org/10.1080/1350293X.2018.1412051>
- Braun, V. og Clarke, V. (2006). Using thematic analysis in psychology. *Qualitative Research in Psychology*, 3(2), 77–101. <https://doi.org/10.1191/1478088706qp063oa>
- Braun, V. og Clarke, V. (2013). Successful qualitative research: A practical guide for beginners. Sage.
- Brock, A. (2012). Building a model of early years professionalism from practitioners' perspectives. *Journal of Early Childhood Research*, 11(1), 27–44. <https://doi.org/10.1177/1476718X12456003>
- Broström, S. (2019). Didaktik i vuggestue og dagpleje: En dynamisk, didaktisk model omsat til praksis. Í O. H. Hansen, L. Svinth og S. Broström (ritstjórar), *Barnet i centrum 2: Mod en 0–3 årspædagogik i vuggestue og dagpleje* (bls. 105–167). Akademisk forlag.
- Bruce, C. D., Flynn, T. og Stagg-Peterson, S. (2011). Examining what we mean by collaborative action research: A cross-case analysis. *Educational Action Research*, 19(4), 433–452. <https://doi.org/10.1080/09650792.2011.625667>
- Bryndís Gunnarsdóttir og Bateman, A. (2022). Initiating interactions in the toddler peer group: Embodied conversation starters. *Research on Children and Social Interaction*, 6(1), 5–29. <https://doi.org/10.1558/rcsi.22739>
- Bøe, M. og Hognestad, K. (2014). Knowledge development through hybrid leadership practices. *Tidsskrift for Nordisk Barnehageforskning*, 8(6), 1–14. <https://doi.org/10.7577/nbf.492>
- Bøe, M. og Hognestad, K. (2017). Directing and facilitating distributed pedagogical leadership: Best practices in early childhood education. *International Journal of Leadership in Education*, 20(2), 133–148. <https://doi.org/10.1080/13603124.2015.1059488>
- Daníel Steingrímsson og Kristín Karlsdóttir. (2020). „Það var eitthvað meira þarna“: Mat á námi og vellíðan barna. *Sérřit Netlu 2020 – Mat á námi og vellíðan barna í leikskóla*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2020.2>
- Felfe, C. og Lalive, R. (2014). Does early child care help or hurt children's development? *Journal of Public Economics*, 159(1), 33–53. <https://doi.org/10.1016/j.jpubeco.2018.01.014>
- Gordon, S. P. (2008). The power of collaborative action research. Í S. P. Gordon (ritstjóri), *Collaborative action research: Developing professional learning communities* (bls. 1–12). Teachers College Press.
- Greve, A. (2009). Friendships and participation among young children in a Norwegian kindergarten. Í D. Berthelsen, J. Brownlee og E. Johansson (ritstjórar), *Participatory learning in the early years: Research and pedagogy* (bls. 78–93). Routledge.
- Groundwater-Smith, S., Dockett, S. og Bottrell, D. (2015). *Participatory research with children and young people*. Sage.
- Hansen, O. H. (2019). Mikroovergange og empati i vuggestue og dagpleje. Í O. H. Hansen, L. Svinth og S. Broström (ritstjórar), *Barnet i centrum 2: Mod en 0–3 årspædagogik i vuggestue og dagpleje* (bls. 61–101). Akademisk forlag.
- Helga Jónsdóttir. (2021). Viðtöl í eigindlegum og megindlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Rannsóknir: Handbók í aðferðafræði* (bls. 147–170). Háskólinn á Akureyri.

- Her, E. H. og Kim, S. L. (2018). Early childhood teachers' professionalism, teaching efficacy, and teacher-child interaction. *International Journal of Advanced Culture Technology*, 6(4), 39–44. <http://koreascience.or.kr/article/JAKO201810263412347.page>
- Hjördís Þorgeirsdóttir. (2016). *Investigating the use of action research and activity theory to promote the professional development of teachers in Iceland* [doktorsritgerð, Háskóli Íslands og University of Exeter]. <http://hdl.handle.net/1946/23886>
- Hopkins, D., Stringfield, S., Harris, A., Stoll, L. og Mackay, T. (2014). School and system improvement: A narrative state-of-the-art review. *School Effectiveness and School Improvement*, 25(2), 257–281. <https://doi.org/10.1080/09243453.2014.885452>
- Hoy, W. K. og Miskel, C. G. (2013). *Educational administration* (9. útgáfa). McGraw-Hill.
- Hrafnhildur Eiðsdóttir. (2013). „Það er svo mikilvægt að tala saman og læra af öðrum“. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Á sömu leið* (bls. 151–157). Rannung; Háskólaútgáfan.
- Hrönn Pálmadóttir. (2017). Gildi í samskiptum og leik ungra leikskólabarna. *Sérriit Netlu 2017– Innsýn í leikskólastarf*. https://netla.hi.is/serrit/2017/innsyn_leikskolastarf/003.pdf
- Hrönn Pálmadóttir og Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir. (2022). Þróun leikskólastarfs með yngstu börnunum: „...að þau hafi eitthvað að segja um lífið í leikskólanum...“. Í Jóhanna Einarsdóttir (ritstjóri), *Leikandinn: Greinar um menntun ungra barna* (bls. 167–188). Háskólaútgáfan.
- Hrönn Pálmadóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2012). *Yngstu leikskólabörnin: Samfélag í leik. Uppeldi og menntun*, 21(2), 43–69. <https://ojs.hi.is/index.php/uppmennt/article/view/2010> <https://ojs.hi.is/uppmennt/article/view/2010/1007>
- Hrönn Pálmadóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2015). Young children's views of the role of preschool educators. *Early Child Development and Care*, 185(9), 1480–1494. <https://doi.org/10.1080/03004430.2015.1004056>
- Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir. (2013). „Ég er orðin meðvitaðri um leikinn sem kennslutæki“. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Á sömu leið* (bls. 151–164). Rannung; Háskólaútgáfan.
- Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir. (2022). Starfendarannsóknir til starfsþróunar leikskólakennara: Ávinningur og áskoranir. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 31(2), 65–86. <https://doi.org/10.24270/tuuom.2022.31.9>
- Ívar Rafn Jónsson. (2008). „Að virkja sjálfstæða hugsun nemenda“: Sálfræðikennari rýnir í sjálfan sig. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://netla.hi.is/arssrit-2008/>
- Jensen, B., Jensen, P. og Rasmussen, A. W. (2017). Does professional development of preschool teachers improve children's socio-emotional outcomes? *Labour Economics*, 45, 26–39. <https://doi.org/10.1016/j.labeco.2016.11.004>
- Jóhanna Einarsdóttir. (2012). Raddir barna í rannsóknum. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Raddir barna* (bls. 13–27). Háskólaútgáfan.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2013). Rannsóknir sem breytingaaf í skólastarfi. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Á sömu leið* (bls. 25–35). Rannung; Háskólaútgáfan.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2014). Play and literacy: A collaborative action research project in preschool. *Scandinavian Journal of Educational Research*, 58(1), 93–109. <https://doi.org/10.1080/00313831.2012.705321>
- Jóhanna Einarsdóttir. (2016). Starfendarannsóknin Leikum, lærum, lifum. Í Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir (ritstjórar), *Leikum, lærum, lifum: Námsvið leikskóla og grunnþættir menntunar* (bls. 11–30). Rannung; Háskólaútgáfan.
- Jóhanna Einarsdóttir, Arna H. Jónsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir. (2013). Sjónarmið leikskólakennara og leiðbeinenda: Áherslur og verkaskipting í leikskólastarfi. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <http://netla.hi.is/greinar/2013/ryn/007.pdf>
- Koshy, V. (2010). *Action research for improving educational practice: A step by step guide* (2. útgáfa). Sage.
- Kotter, J. (2012). *Leading change*. Harvard Business Review Press.
- Krieg, S., Curtis, D., Hall, L. og Westenberg, L. (2015). Access, quality and equity in early childhood education and care: A South Australian study. *Australian Journal of Education*, 59(2), 119–132. <https://doi.org/10.1177/0004944115588789>

- La Paro, K. M. og Gloeckler, L. (2016). The context of childcare for toddlers: The “experience expectable environment”. *Early Childhood Education Journal*, 44(2), 147–153. <https://doi.org/10.1007/s10643-015-0699-0>
- Leithwood, K., Sun, J. og Pollock, K. (2017). Introduction. Í K. Leithwood, J. Sun og K. Pollock (ritstjórar), *How school leaders contribute to student success: The four paths framework* (bls. 1–11). https://doi.org/10.1007/978-3-319-50980-8_1
- Locke, T., Alcorn, N. og O’Neill, J. (2013). Ethical issues in collaborative action research. *Educational Action Research*, 21(1), 107–123. <https://doi.org/10.1080/09650792.2013.763448>
- Mac Naughton, G. og Hughes, P. (2009). *Doing action research in early childhood studies: A step by step guide*. Open University Press.
- Maguire-Fong, M. J. (2020). *Learning and teaching with infants and toddlers: Where meaning-making begins* (2. útgáfa). Teacher College Press.
- McNiff, J. (2010). *Action research for professional development: Concise advice for new (and experienced) action researchers*. September Books.
- McNiff, J. (2013). *Action research: Principles and practice* (3. útgáfa). Routledge.
- McNiff, J. (2017). *Action research: All you need to know*. Sage.
- Menntamálastofnun. (e.d.). *Aðalnámskrá leikskóla*. <https://adalnamskra.is/adalnamskra-leikskola>
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2012). *Aðalnámskrá leikskóla 2011*. https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/adalnskr_leiksk_2012.pdf
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2019). *Samstarfsráð um starfsþróun kennara og skólastjórnenda: Skýrsla til mennta- og menningarmálaráðherra*. https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Samstarfsr%C3%A1%C3%B0%20um%20starfs%C3%BEr%C3%B3un%20kennara_sk%C3%BDrsla%2015102019_umbrot.pdf
- Mertler, C. A. (2019). *Action research: Improving schools and empowering educators* (6. útgáfa). Sage.
- Moss, P. og Dahlberg, G. (2008). Beyond quality in early childhood education and care: Languages of evaluation. *New Zealand Journal of Teachers’ Work*, 5(1), 3–12. <https://ojs.aut.ac.nz/teachers-work/article/view/495>
- Noddings, N. (2005). *The challenge to care in schools: An alternative approach to education* (2. útgáfa). Teachers College Press.
- Os, E. og Hernes, L. (2019). Children under the age of three in Norwegian childcare: Searching for qualities. Í S. Garvis, H. Harju-Luukkainen, S. Sheridan og P. Williams (ritstjórar), *Nordic families, children and early childhood education* (bls. 139–171). Palgrave MacMillan.
- Recchia, S. L. og Fincham, E. N. (2019). The significance of infant/toddler care and education. Í C. P. Brown, M. B. McMullen og N. File (ritstjórar), *The Wiley handbook of early childhood care and education* (bls. 197–218). Wiley.
- Seashore Louis, K., Leithwood, K., Wahlstrom, K. og Anderson, S. (2010). *Learning from leadership project: Investigating the links to improved student learning. Final report of research to the Wallace foundation*. University of Minnesota. <https://hdl.handle.net/11299/140885>
- Seland, M., Hansen Sandseter, E. B. og Bratterud, Å. (2015). One- to three-year-old children’s experience of subjective wellbeing in day care. *Contemporary Issues in Early Childhood*, 16(1), 70–83. <https://doi.org/10.1177/1463949114567272>
- Sigurður Kristinsson. (2013). Að verðskulda traust: Um siðferðilegan grunn fagmennsku og starf kennara. Í Rúnar Sigþórsson, Rósa Eggertsdóttir og Guðmundur Heiðar Frímannsson (ritstjórar), *Fagmennska í skólustarfi: Skrifað til heiðurs Trausta Þorsteinsyni* (bls. 237–255). Háskólinn á Akureyri; Háskólaútgáfan.
- Snell, M. E., Forston, L. D., Stanton-Chapman, T. L. og Walker, V. L. (2013). A review of 20 years of research on professional development interventions for preschool teachers and staff. *Early Child Development and Care*, 183(7), 857–873. <https://doi.org/10.1080/03004430.2012.702112>
- Svinth, L. (2019). Relationelle betingelser i vuggestue og dagpleje. Í O. H. Hansen, L. Svinth og S. Broström (ritstjórar), *Barnet i centrum 2: Mod en 0–3 års pædagogik i vuggestue og dagpleje* (bls. 17–57). Akademisk forlag.
- Thornberg, R. (2016). Values education in Nordic preschools: A commentary. *International Journal of Early Childhood*, 48(2), 241–257. <https://doi.org/10.1177/1746197909340874>

- Tirosh, D., Tsamir, P., Levenson, E. og Tabach, M. (2011). From preschool teachers' professional development to children's knowledge: Comparing sets. *Journal of Mathematics Teacher Education*, 14, 113–131. <https://doi.org/10.1007/s10857-011-9172-1>
- Trevarthen, C. (2018). What young children give to our learning. Í C. Trevarthen, J. Delafield-Butt og A.-W. Dunlop (ritstjórar), *The child's curriculum: Working with the natural values of young children* (bls. 13–38). Oxford University Press.
- United Nations Committee on the Rights of the Child. (2013). *General comment no. 17 on the right of the child to rest, leisure, play, recreational activities, cultural life and the arts (art. 31)*. <http://www.refworld.org/docid/51ef9bcc4.html>
- Veisson, M. og Kabaday, A. (2018). Exploring the preschool teachers' views on professionalism, quality of education and sustainability: International study in Estonia and Turkey. *Journal of Teacher Education for Sustainability*, 20(2), 5–18. <https://doi.org/10.2478/jtes-2018-0011>
- Wood, E. (2013). *Play, learning and the early childhood curriculum* (3. útgáfa). Sage.
- Yukl, G. (2013). *Leadership in organizations* (8. útgáfa). Pearson.
- Zeni, J. (2009). Ethics and the 'personal' in action research. Í S. E. Noffke og B. Someke (ritstjórar), *The SAGE handbook of educational action research* (bls. 254–266). Sage.



Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir og Hrönn Pálmadóttir. (2024)
Starfsfólk leikskóla þróar eigin starfshætti með ungum börnum
Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
<http://netla.hi.is/greinar/2024/alm/09.pdf>
DOI: <https://doi.org/10.24270/netla.2024/9>